

Útsýni af Öräfajökli

INGÓLFUR ÍSÓLFSSON

Þeir, sem ganga upp á Öräfajökul — hæsta og hrikalegasta jökuljöfur landsins — fara venjulega frá **Sandfelli**, því þaðan er bezta og greiðfærasta leiðin upp á jökulinn. Er þá haldið upp á **Sandfellsheiði** og farið fyrst upp skriður miklar og brattar; eftir hálf tíma göngu er komið upp á fjallsbrúna fyrir ofan Sandfell, 400 m yfir sjó.

Síðan koma aflíðandi melöldur, sem eru víða þaktar stórgrýti, og þegar ofar dregur sést vikur og gjall hingað og þangað. Heiðin er þó greiðfær alla leið upp að jökli, og eru efst miklar og langar jökulöldur, og liggur jökullinn kippkorn fyrir ofan jökulruðninginn og sýnir það, að jökullinn er að dragast saman. Sandfellsheiði nær upp í 1300 metra hæð, þar sem hjarnjökullinn klofnar um heiðina, og falla miklir og þungir skriðjökklar niður sín hvoru megin við heiðina, og ná jökultungurnar niður í dalbotna; fellur **Rótarfjallsjökull** að sunnanverðu við heiðina, en **Falljökull** að norðvestanverðu. Falljökull er ákaflega brattur og sprunginn, þar sem hann kemur niður úr aðaljöklinum, en neðar verður hann sléttari og hallaminni, og gengur þá þvert á **Svína-fellsfjall** (851 m) og er jökulþunginn þar afskaplegur og eru hamrarnir, þar sem jökullinn rennur meðfram, allir sorfnir og meitlaðir, vegna jökulþrýstings, og virðist bergið slúta fram yfir sig.

Frá Sandfelli og upp á Sandfellsheiði upp við jökul, er um tveggja tíma gangur, og er jökullinn frekar greiðfær og hallalítill, þar sem lagt er á hann. Mest áberandi tindar upp úr hjarninu eru **Rótarfjallskambur**, 1848 m, suðvestur horn jökulsins, og **Hvannadalshnúkur**, en hann er efst uppi á hrygg þeim, sem gengur upp allan jökulinn frá Svínafellsheiði, og eru hvassar eggjar efst á hryggnum rétt fyrir neðan Hvannadalshnúk. Þegar ofar kemur, er jökullinn með einstökum sprungum, en ekki breiðari en svo, að alltaf má ganga yfir þær, þar sem þær ganga

saman. Frá Sandfellsheiði er um tveggja tíma gangur upp á jökulbrún, og er bezt að staðnæmast þar og athuga yfirborð jökulsins. Þarna uppi, í 1850 m hæð, er jökullinn alveg sléttur og að mestu hallalaus; jökulslétta þessi er um þriggja kílómetra breið frá austri til vesturs og fjöggra kílómetra löng frá norðri til suðurs; upp úr hjarninu standa ýmsir tindar og hnúkar. Norðvestan við snæbreiðuna rís **Hvannadalshnúkur** upp úr hjarninu, 2119 m, og eru snarbrattir hamrar austan í honum og eru þeir snjólausir vegna hallans. Hvannadalshnúkur er um 260 metrar á hæð yfir jökulbreiðuna. Rótarfjallskambur er suðvestur af jökulbreiðunni og suðaustur af honum koma svo **Knappar**¹, 1851 m, en austur af hjarnbreiðunni eru svo ýmsir hnúkar þaktir jökli og hallar jöklinum þaðan niður að Breiðamerkursandi. Þar sem komið er upp á jökulsléttuna, er Hvannadalshnúkur í um tveggja km fjarlægð, og er ekki rétt að koma upp á jökulinn nær honum en þetta vegna þess, að dæld kemur í jökulbrúnina á þessu svæði, og hallar jöklinum þar niður, og eru þar efstu upptök Falljökuls; er hann allsprunginn þarna, og langt upp í jökulbreiðuna ganga bogadregnar sprungur og eru þær víða þaktar snjó; ekki sést í botn á sprungum þessum. Ef snjór er ekki mjög gljúpur, þá er um tveggja stunda gangur upp á Hvannadalshnúk frá jökulbrúninni. Hvannadalshnúkur er allur þakinn snjó, nema að austanverðu, svo sem áður segir, og gengur jökullinn af honum niður á aðaljökulinn; er hann venjulega mjög brotinn og sést þá ágætlega gerð jökulsins, því að snjölögin eru lagskipt, eins og basalhamrar. Þegar ég kom að Hvannadalshnúk í júlí 1938, var nýlega fallinn af honum mikill snjór, og var jökulsárið um 70 metrar á þykkt, og var ein kennilegt að sjá jökullögin; sum voru aðeins nokkra cm, en svo voru önnur allt að metri á þykkt. Oftast má komast upp á hnúkinn með því að fara yfir snjó-